

635. fundur haldinn föstudaginn 28. desember 2001 kl. 13:30
Gimli, Læjargata 3 Reykjavík

Mættir:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður.
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Anna Sverrisdóttir, varafulltrúi SAF
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Boðað var til fundarins til að ræða málefni Upplýsingamiðstöðvar Ferðamála. Formaður gerði grein fyrir minnisblaði sem hann hafði gert varðandi málið. Í bréfinu er farið yfir stöðu málsins og segir í niðurlagi þess að ljóst sé að Reykjavíkurborg hafi ekki lokið undirbúningi þess að taka að sér umrædda upplýsingamiðlun frá 1. janúar 2002. Þá lýsti hann þeim tillögum sem Reykjavíkurborg hefur kynnt um breytta aðkomu borgarinnar á ferðamálum. Hann taldi að ekki ætti á þesum fundi að ræða þær tillögur efnislega eða taka afstöðu til þeirra enda væru þær ósamþykktar hjá borginni.

Helgi Pétursson sagði að hann gerði ekki athugasemdir við innihald bréfsins og það rekti þróun umrædds máls á þann veg sem hún hefði verið. Hann flutti Ferðamálaráði beiðni Reykjavíkurborgar um að aðilar að rekstri Upplýsingamiðstöðvarinnar héldu honum óbreyttum til 28. febrúar nk.

Afgreiðsla: Samþykkt að verða við beiðni Reykjavíkurborgar og samþykkt að senda umrætt minnisblað til samgönguráðherra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 14:15